

Byggðaráð Múlaþings - 73 (31.1.2023) - Stjórnsýslukæra varðandi hæfi sveitarstjórnarfulltrúa

Málsnúmer : 202209206
Málsaðili : Innviðaráðuneytið
Niðurstaða (stutt) : Lagt fram til kynningar
Fundardagur : 31.01.2023

Inngangur :

Niðurstaða : Fyrir liggur álit innviðaráðuneytis vegna stjórnsýslu Múlaþings, sbr. 2.tl. 2.mgr. 112.gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 ásamt m.a. umsögn sveitarfélagsins við erindi dags. 22.09.2022 varðandi vanhæfi Þrastar Jónssonar.

Samandregið álit ráðuneytisins:

Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvörðun sveitarstjórnar og byggðaráðs sveitarfélagsins Múlaþings um að venslamaður sveitarstjórnarfulltrúans Þrastar Jónssonar hafi átt sérstakra eða verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra vegna mála sem voru til afgreiðslu sveitarstjórnar í tengslum við val á tengileiðum vegna Fjarðarheiðaganga.

Bandir ráðuneytið sveitarfélaginu á að kynna sér þau sjónarmið sem rakin hafa verið í álitinu. Að öðru leyti telur ráðuneytið málinu lokið af sinni hálfu.

Lagt fram til kynningar.

Þróstur Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Innviðaráðuneytið skrifar 13 blaðsíður þar sem slegið er í og úr og án þess að kveða upp úrskurð um hvort ég sé vanhæfur eða ekki. Orðalagið er haft eins loðið og hægt er og ekki er lagt mat á hvort rétt vinnubrögð hafi verið notuð gegn mér í byggðarráði og bæjarstjórn.

Því má segja að hér hafi verið farin löng leið að engri niðurstöðu. Ljóst er að þetta mál fer lengra í íslenski stjórnsýslu því það er fordæmisgefandi fyrir allar sveitarstjórnir á landinu. Verði málinu haldið opnu þá er búið að framselja meirihlutum í sveitarstjórnnum gríðarlega mikið vald sem ekki stenst sveitarstjórnarlög. Vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga ber að túlka mjög þröngt svo kjörnir fulltrúar komist hjá því að lýsa sig vanhæfa í óþægilegum málum og þegar litið er til fámennari sveitarfélaga úti á landsbyggðinni. Allt þetta mál byggir á valdriðslu meirihlutans því þeim hugnast ekki þau sjónarmið sem ég stend fyrir og var m.a. kosinn út á í síðustu sveitarstjórnarkosningum í leiðarvalinu.